

# TÖL101G - Tölvunarfræði 1

## Vikublað 3

### Almennt

Í síðustu viku fórum við yfir `if` setningar, `while`- og `for`-lykkju. Í þessari viku verður haldið áfram með þetta efni og rökstudda forritun.

**ATH** númer dæma vísar til númera í bók og í pdf skjali fyrir 1. kafla, ekki á vefsíðu bókarinnar.

### Heimadæmi

Skilafrestur er til **þriðjudagsins 17. september til kl. 12:00**.

### CloudCoder æfingar

Eftirfarandi æfingar eru inni á cloudcoder: **1.3.14, 1.3.19**. Athugið að 1.3.14 er örlítið breytt frá lýsingu í bók. Seinna verkefnið 1.3.19 gildir tvöfalt á við aðrar æfingar.

### Æfingar

Gerið dæmi **1.3.9, 1.3.11, 1.3.27** og skilið forritskóða. Fyrir dæmi **1.3.11** skuluð þið prenta svör sem heiltölur. Þið getið notað fallið `Math.log()` til að reikna logra og kastað yfir í `int` til að fá út heiltölu. Ekki hafa áhyggjur af jöfnuðum dálkum.

### Verkefni

Gerið dæmi **1.3.34** í bók. Athugið að útskýra vel hvernig þið finnið hvort tala sé prímtala. Keyrið forritið fyrir  $N$  jafnt og 10 milljón og hve langan tíma tók að keyra forritið.